

og barna sinna, Stefaníu Diljár, Þorvalds, Ernu og Pálinu Margrétar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, kr. 79.087.50, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður þeirra, Þorvaldur Þórarinnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Auðbergs Óla, kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Jóns Kristins, kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Föstudaginn 24. maí 1974.

Nr. 147/1972: Vélsmiðjan Þrymur h/f

(Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

Skilanefnd Sænsk-íslenska

frystihússins h/f

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi byggir kröfu sína í máli þessu á reikningi áfrýjanda

í viðskiptamannabók stefnda og kveður stefnufjárhæðina, kr. 24.616.68, vera eftirstöðvar af verði kraftblakkar, er áfrýjandi keypti af honum. Er ekki tölulegur ágreiningur milli aðilja um fjárhæð þessa.

Áfrýjandi byggir aftur á móti sýknukröfu sína á því, að hann hafi að beiðni stefnda og á kostnað hans unnið að viðgerð á v/s Andra, BA 100, fyrir kr. 82.621.03, og séu reikningsviðskipti þeirra því áfrýjanda í hag um kr. 58.004.35.

Áfrýjandi hefur eigi fært sönnur að því, að greind viðgerð á v/s Andra, BA 100, hafi verið framkvæmd eftir beiðni stefnda og á reikning hans, eins og nánar er rakið í atvikalýsingu héraðsdóms.

Að svo vöxnu máli ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó þannig, að gegn andmælum áfrýjanda verða ekki dæmdir hærri vextir en 7% ársvextir frá 31. desember 1967 til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Vélsmiðjan Þrymur h/f, greiði stefnda, skilanefnd Sænsk-íslenska frystihússins h/f, kr. 24.616.68 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1967 til 16. maí 1973 og frá þeim degi með 9% ársvöxtum til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí s.l., hefur Logi Guðbrands-son hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, höfðað f. h. skilanefndar Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. mars 1970, gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 24.616.66 með 1% dráttarvöxtum frá 31. desember 1967 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi bótakröfu þannig, að hann krafðist 1% vaxta á mán-

uði af stefnufjárhæðinni frá 31. desember 1967 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað samkvæmt mati dómara.

Stefnandi segir kröfu sína byggða á viðskiptamannabók stefnanda. Sé krafan eftirstöðvar verðs kraftblakkar, sem stefndi hafi keypt af stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi haft á hendi viðgerðir fyrir ýmsa vélbáta, er stefnandi hafi gert út eða haft samninga við til hráefnisöflunar fyrir sig, og hafi m/s Andri, BA 100, verið einn þessara báta. Verkstjóri hjá stefnanda, Ólafur Ólafsson, hafi beðið stefnda fyrir viðgerð á þessum báti og hafi viðgerðarkostnaðurinn numið kr. 82.621.03, sbr. dskj. nr. 4. Ef stefnufjárhæðin sé dregin frá þessari fjárhæð, sé ríismunurinn kr. 58.004.35 stefnda í hag og hafi ekki fengist greiddur þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Vegna máls þessa hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu Ólafur Ólafsson verkamaður, fyrrverandi starfsmaður Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Björn Gíslason, stjórnarformaður stefnda, Magnús Rafn Magnússon, fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Haukur Leósson, fyrrverandi bókarari hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu h/f, Gunnar Guðjónsson, fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Björgvin H. Björnsson, fyrrverandi verkstjóri hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu h/f, Valdimar Friðbjörnsson, fyrrverandi verkstjóri hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, og Jónas Ásmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Drangs h/f.

Fyrir dómi sagði Björn Gíslason, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, að fyrirsvarsmaður hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, Magnús R. Magnússon, hafi hringt í sig og beðið um, að stefndi annaðist viðgerð á m/s Andra og hafi Magnús sagt, að hann mundi svo senda Ólaf Ólafsson til þeirra í Þrym og mundi hann segja þeim, hvað þyrfti að gera, og fylgjast með verkinu. Svo hafi Ólafur Ólafsson komið til þeirra og hafi menn frá stefnda farið með Ólafi um borð í m/s Andra og Ólafur sýnt þeim, hvað þyrfti að gera. Stefndi hafi annast viðgerðir á ýmsum bátum fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið og hafi frystihúsið yfirleitt greitt fyrir þær viðgerðir, en í sambandi við viðgerðina á m/s Andra þá hafi því verið haldið fram af hálfu frystihússins, að þetta kæmi þeim ekki við, og hafi Magnús Magnússon sagt, að ekki hafi verið beðið um þessa viðgerð af hálfu frystihússins, en Björn sagði, að það hafi verið margbúið að krefja frystihúsið um greiðslu fyrir

þessa viðgerð og hafi það verið gert, áður en frystihúsið hætti störfum.

Ólafur Ólafsson bar fyrir dómi, að hann hafi unnið hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu í um það bil 2 ár og hafi hann unnið þar sumarið 1966. Verkefni hans hafi verið að sjá um ýmislegt í sambandi við viðhald á bátum og veiðarfærum. Ólafur staðfesti sem rétt vottorð á dskj. nr. 5 og sagði, að það að biðja um viðgerð á m/s Andra hafi verið í verkahring hans, en áður hafi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins, Magnús R. Magnússon, verið búinn að tala við forstjóra Þryms um þessa viðgerð. Suðurfjarðarhreppur hafi átt m/s Andra á þessum tíma, og hélt Ólafur, að eigendur hafi gert skipið út, en um tíma hafi skipið lagt upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, og hélt Ólafur, að frystihúsið hafi verið kaupandi afla skipsins. Þetta hafi verið um tveggja til þriggja mánaða skeið, en skipið hafi verið á trolli um sumarið. Í sambandi við það, að m/s Andri lagði upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu hafi verið gerður samningur á milli frystihússins og eigenda skipsins þess efnis, að frystihúsið greiddi kostnað af því að gera skipið hæft til trollveiða, en þannig veiðar höfðu ekki verið stundaðar af skipinu. Ólafur sagðist hafa fylgst með viðgerðunum og fullyrti, að viðgerðirnar hafi eingöngu verið til að gera skipið hæft til trollveiða. Ólafur sagðist hafa séð þennan samning, en sagðist ekki muna að segja efni samningsins nema það, að frystihúsið skyldi greiða kostnað af útbúnaði til trollveiða. Á þessum tíma muni hafa verið algengt, að eigendur frystihúsa, hjá hverjum bátar lögðu upp, hafi greitt viðgerðarkostnað skipanna, en ekki treysti Ólafur sér til að segja um, hvort af hálfu fiskkaupendanna hafi eigendur skipanna verið krafðir um viðgerðarkostnaðinn seinna, en Ólafur hélt, að í samningnum á milli Sænsk-íslenska frystihússins og eigenda Andra hafi verið gert ráð fyrir, að Sænsk-íslenska frystihúsið eignaðist gálga og annað slíkt, sem sett hafði verið í bátinn vegna trollveiðanna, þá er m/s Andri hætti trollveiðum og hætti að leggja upp hjá frystihúsinu. Ekki gat Ólafur fullyrt þetta, en hélt, að svo hafi verið. Samningurinn vegna m/s Andra muni ekki hafa verið neitt óvenjulegur á þessum tíma. Eftir að m/s Andri hætti að leggja upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, hafi komið með bíl frá Bíldudal gálgar, rúllur og hlerar úr m/s Andra og til frystihússins. Ekki sagðist Ólafur vita til þess, að aðrir hlutir hafi komið, og sagðist ekki muna, hvað hafi verið samið um vörpu eða hver hafi átt að leggja hana til.

Gunnar Guðjónsson sagði fyrir dómi, að hann hafi verið for-

stjóri Sænsk-íslenska frystihússins fram til ársins 1964, síðan í stjórn þess, en hann sé hluthafi í félaginu. Eftir að hann hætti sem forstjóri frystihússins, hafi hann ekkert fylgst með daglegum rekstri og um samninga við eigendur báta á árinu 1966 sé sér algerlega ókunnugt, en ekki sagðist Gunnar almennt vita um samninga að því lúandi, að frystihúsið annaðist viðgerð og viðhald bátanna, en stundum hafi frystihúsið tekið báta á leigu og þá hafi verið um það samið, að bátunum yrði skilað við lok leigutímans eins og þeir voru, þegar þeir voru teknir á leigu, að frádregnu eðlilegu sliti.

Magnús Rafn Magnússon sagði fyrir dómi, að hann hafi verið forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins og jafnframt hluthafi í því. Ekki sagðist Magnús muna neitt um samninga á milli Sænsk-íslenska frystihússins og eigenda m/s Andra. Fyrir dómi var Magnúsi kynnt meginefni framburðar Ólafs Ólafssonar og Björns Gíslasonar, en sagðist samt ekki muna, hvernig þessu hafi verið háttað. Magnús sagðist oft hafa talað við framkvæmdastjóra stefnda, þar sem stefndi hafi almennt annast viðgerðir fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið. Hafi einhver samningur verið á milli Sænsk-íslenska frystihússins og eigenda m/s Andra, þá eigi eigendur m/s Andra að geta lagt þann samning fram. Magnús sagði, að hann muni ekki um þetta ákveðna tilfelli, en almennt hafi Sænsk-íslenska frystihúsið ekki gert samninga við eigendur bátanna þess efnis, að Sænsk-íslenska frystihúsið kostaði viðgerðir á bátunum og þá ekki heldur, að frystihúsið kostaði breytingar á þeim vegna t. d. trollveiða. Til hafi verið fast form fyrir samninga milli frystihússins og bátaeigenda um, að bátarnir legðu fisk hjá frystihúsinu og að frystihúsið legði til ís og svo ef til vill einhverju bætt inn á þennan samning, en um viðgerðir sagðist Magnús aðeins muna eftir einu tilfelli, en þá hafi frystihúsið tekið að sér að kosta upp-töku mótors í einum báti, en það hafi verið á árinu 1963. Oft hafi aðalreddarinn eða verkstjórar beðið um viðgerðir á bátum þeim, sem lögðu upp hjá frystihúsinu, en svo hafi frystihúsið oft greitt fyrir þessar viðgerðir af þeim fjárhæðum, sem eigendur bátanna áttu inni á reikningi sínum hjá frystihúsinu. Magnús sagði, að fyrir utan forstjórann hafi verið tveir prókúruhafar, þeir Gunnar Guðjónsson og Haukur Leósson, og þeir hafi getað gert samninga þess efnis, að Sænsk-íslenska frystihúsið tæki að sér að kosta viðgerðir eða breytingar á bátunum. Ekki sagðist Magnús muna eftir að hafa hringt í framkvæmdastjóra stefnda vegna m/s Andra. En hann hafi oft átt tal við framkvæmdastjóra stefnda, þar sem

Sænsk-íslenska frystihúsið hafi átt mikil viðskipti við stefnda.

Haukur Leósson sagði fyrir dómi, að hann hafi verið bókari hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu og hafi hann hætt störfum þar 15. maí 1967. Haukur taldi, að hann hafi unnið þarna um þrjú ár, hvorki hafi hann verið hluthafi né prókúruhafi. Ekki hafi hann haft heimild til að gera samninga f. h. frystihússins. Ekki sagðist Haukur muna eftir samningum á milli Sænsk-íslenska frystihússins og hinna ýmsu eigenda báta þeirra, sem lögðu upp hjá frystihúsinu, þess efnis, að frystihúsið kostaði viðgerðir og viðhald bátanna. Ekki sagðist hann muna eftir samningum á milli frystihússins og Drangs h/f. Haukur sagðist muna eftir því, að staðið hafi til, að m/s Andri legði upp hjá frystihúsinu, en sagðist halda, að ekki hafi orðið af því. Haukur sagðist muna eftir viðskiptum frystihússins við stefnda og hafi oft af hálfu frystihússins verið beðið um viðgerðir á bátum hjá stefnda og hafi svo frystihúsið greitt fyrir viðgerðirnar til stefnda, en svo hafi þær fjárhæðir verið færðar á reikning hinna einstöku báta í frystihúsinu og verið dregnar frá við uppgjör til eigenda bátanna. Haukur sagði, að Ólafur Ólafsson hafi unnið hjá frystihúsinu á sama tíma og hann og hafi það verið í verkahring Ólafs að sjá um viðgerðir á bátunum. Ekki sagðist Haukur muna eftir því, að frá Bíldudal hafi komið gálgar, rúllur eða hlerar eða annað úr m/s Andra. Haukur sagði, að svona samningar eins og hér hefur verið rætt um, hafi getað verið til, án þess að honum væri um það kunnugt, og vel geti verið, að gálgar, rúllur og hlerar hafi komið úr m/s Andra, án þess að honum væri um það kunnugt.

Björgvin H. Björnsson sagði fyrir dómi, að hann hafi unnið hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu og hafi hann verið verkstjóri þar. Björgvin sagðist halda, að hann hafi unnið þarna á árunum 1966 og 1967 og muni hann hafa hætt störfum þarna í ágúst 1967. Björgvin sagði, að sér væri ókunnugt um samninga á milli frystihússins og hinna ýmsu eigenda bátanna, sem þar lögðu upp. Hann minnti, að m/s Andri hafi lagt upp hjá frystihúsinu á þessum tíma, en var ókunnugt um samninga á milli eigenda bátsins og frystihússins. Björgvin sagði að sig minnti, að á þessum tíma hafi komið gálgar, rúllur og hlerar einhvers staðar að, en ekki var hann viss um, hvort þetta var úr m/s Andra eða öðrum báti, en bátarnir hafi verið margir, sem lögðu upp hjá frystihúsinu. Það hafi verið í verkahring Ólafs Ólafssonar að sjá um viðgerðir á bátunum.

Valdimar Friðbjörnsson sagði fyrir dómi, að hann hafi unnið

hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu frá því í desember 1962 og þar til í október eða nóvember 1967 og hafi hann verið verkstjóri þar. Valdimar sagði, að honum væri ókunnugt um samninga frystihússins við eigendur bátanna og sagðist ekkert vita um samninga á milli frystihússins og eigenda m/s Andra. Valdimar sagðist muna eftir, að m/s Andri hafi lagt upp hjá frystihúsinu og að komið hafi til frystihússins gálgar, rúllur og hlerar úr m/s Andra. Ekki mundi Valdimar, hvort varpa kom líka. Ekki sagðist Valdimar muna eftir öðru tilfelli, þar sem svona hlutir út bátunum kæmu til frystihússins, eftir að þeir væru hættir að leggja upp þar.

Jónas Ásmundsson sagði fyrir dómi, að hann hafi verið framkvæmdastjóri Drangs h/f á árinu 1966, en hann hafi verið við þetta starf í mörg ár og hafi hætt á árinu 1970. Gerður hafi verið skriflegur samningur á milli Sænsk-íslenska frystihússins og Drangs h/f, vegna þess að frystihúsið ætlaði að gera m/s Andra út og hafi frystihúsið gert bátinn út um sumartíma. Samningurinn eigi að vera til hjá h/f Drang, en Jónas sagðist muna nokkuð af efni samningsins, en það hafi verið, að frystihúsið skyldi útbúa bátinn til togveiða og láta í bátinn m. a. tvo gálga. Frystihúsið skyldi leggja til ís, akstur, vissa hundraðstölu í viðbótarfiskverð og einnig skyldi frystihúsið greiða viðhaldskostnað. Ekki mundi Jónas eftir, að sent hafi verið frá Bíldudal ýmsir hlutir úr m/s Andra, eftir að báturinn hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, heldur taldi hann, að þessir hlutir hafi verið teknir úr bátnum, þegar hann hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, og sagðist Jónas muna eftir að hafa séð gálga úr m/s Andra í porti frystihússins. Jónas tók fram, að hann hafi skrifað bréfið á dskj. nr. 7 og það bréf mundi hann ekki hafa skrifað án þess að kynna sér áður samninginn á milli h/f Drangs og frystihússins og muni efni bréfsins vera í samræmi við samninginn. Jónas sagði, að alla samninga vegna m/s Andra við frystihúsið hafi hann átt við tékkneskan mann, sem hafi íslenskt nafn, og hélt Jónas að hann hétu Magnús Magnússon og hafi sá maður undirritað samninginn af hálfu frystihússins, en Jónas af hálfu Drangs h/f.

Stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að reikningnum hafi ekki verið mótmælt tölulega. Samningur sá, sem haldið sé fram af hálfu stefnda, að hafi verið á milli Drangs h/f og Sænsk-íslenska frystihússins, hafi ekki verið lagður fram. Fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins h/f muni ekkert eftir samningnum, aðrir starfsmenn en Ólafur Ólafsson muni ekki heldur eftir honum. Á dskj. nr. 5 haldi Ólafur því fram, að hann hafi

sjálfur beðið um viðgerð á m/s Andra, en fyrir dómi hafi Ólafur haldið því fram, að Magnús Magnússon hafi beðið um viðgerðina. Ólafur haldi því fram, að gálgar o. fl. hafi komið frá Bíldudal, forstjóri Drangs haldi því fram, að gálgar o. fl. hafi verið tekið úr skipinu í Reykjavík. Dskj. nr. 4 og 7 sýni, að stefndi hafi ekki talið, að hann væri að vinna fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið h/f. Ef stefndi vildi byggja rétt á samningnum, þá verði hann að sanna tilvist hans og innihald. Eina, sem fram sé komið um samninginn, sé framburður forstjóra Drangs h/f og Ólafs Ólafssonar, en Ólafur Ólafsson hafi ekki haft prókúru og ekki getað skuldbundið Sænsk-íslenska frystihúsið.

Af hálfu stefnanda er tilvist samningsins mótmælt, og einnig er því mótmælt, að Sænsk-íslenska frystihúsið hafi beðið um viðgerðina. En jafnvel þótt samningurinn væri til, þá gæti stefndi ekki beint kröfum sínum að Sænsk-íslenska frystihúsinu vegna þessa samnings.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að 145. gr. laga nr. 85 frá 1936 eigi við í þessu sambandi, en lögmaður stefnanda hélt því fram, að áður en hann hafi höfðað mál þetta, hafi hann reynt að kanna, hvort þessi samningur væri til og ekki getað fengið það upplýst.

Af hálfu stefnda eru sýknukröfur rökstuddar með því, að beðið hafi verið um viðgerð af hálfu Sænsk-íslenska frystihússins, og með vísan til samningsins á milli Drangs h/f og Sænsk-íslenska frystihússins. Framburður Ólafs Ólafssonar styðji það, að samningurinn hafi verið til, en það sé einmitt maður eins og Ólafur, sem eigi að vita um svona samninga, það sé í samræmi við starf Ólafs. Það, að gálgar, rúllur og hlerar komu frá Bíldudal, sanni tilvist samningsins. Einnig benti lögmaður stefnda á framburði þeirra Björgvins, Valdimars og Jónasar hinn 10. maí s.l. Magnús Magnússon, fyrrverandi forstjóri, hafi sagt fyrir dómi, að hann myndi ekkert um þetta. Í þessu sambandi benti lögmaður stefnda á, að hann hafi tvisvar sinnum stefnt Magnúsi Magnússyni til þess að koma fyrir dóm til samprófunar við Björn Gíslason, framkvæmdastjóra stefnda, en Magnús hafi ekki komið. Lögmaður stefnda hafi engin tök á því að útvega samninginn, en hann hafi gert það, sem hann gat í því skyni. Samningurinn muni vera til, en það sé stefnanda óhagkvæmt að leggja hann fram. Stefndi hefði ekki tekið að sér viðgerðina á m/s Andra, ef Sænsk-íslenska frystihúsið h/f hefði ekki beðið um viðgerðina. Drangur h/f sé

nú gjaldþrota. Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar lögmaður stefnda einnig til dskj. nr. 9.

Í máli þessu hefur stefnufjárhæðinni ekki verið mótmælt tölulega, en stefndi hefur krafist sýknu vegna þess, að stefndi eigi hjá stefnanda kr. 82.621.03, en sé stefnufjárhæðin dregin frá þessari fjárhæð, sé mismunurinn kr. 58.004.35 stefnda í hag.

Það er viðurkennt í málinu, að Sænsk-íslenska frystihúsið h/f hafi átt mikil viðskipti við stefnda, sem hafi annast viðgerðir á bátum, sem lögðu upp frá frystihúsinu, og jafnframt að frystihúsið hafi oft greitt fyrir þessar viðgerðir af þeim fjárhæðum, sem eigendur bátanna áttu inni á reikningi sínum hjá frystihúsinu. Það verður að teljast upplýst með framburði ýmissa þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið vegna máls þessa, að m/s Andri hafi lagt upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu um tíma, og einnig að það hafi verið í verkahring Ólafs Ólafssonar að sjá um viðgerðir á bátum fyrir frystihúsið. Þannig, að ekki er ólíklegt, að stefndi hafi verið beðinn um af hálfu Sænsk-íslenska frystihússins h/f að annast viðgerð á m/s Andra. En fyrir dómi bar framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, að stefndi hafi annast viðgerðir á ýmsum bátum fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið og hafi frystihúsið yfirleitt greitt fyrir þær viðgerðir. Það virðist því ekki hafa verið skilyrði fyrir því, að stefndi annaðist viðgerðir á bátum, sem lögðu upp hjá frystihúsinu, að frystihúsið greiddi sjálft fyrir viðgerðirnar.

Þegar litið er á dskj. nr. 4, sem er reikningur frá stefnda vegna vinnu við m/s Andra, BA 100, að fjárhæð kr. 82.621.03, þá sést, að reikningurinn er stílaður á Drang h/f, Patreksfirði, og er reikningurinn dagsettur 3. ágúst 1966. Á reikningnum stendur fyrir ofan Drang h/f „Sænsk-ísl. frystih. h.f. Rvík.“, og virðist það skrifað á öðrum tíma en reikningurinn í heild. Dskj. nr. 7 er bréf frá Drangi h/f, dags. 20. október 1966, og var það lagt fram af lögmanni stefnda, en samkvæmt bréfi þessu þá virðist stefndi hafa kafið Drang h/f um viðgerðarkostnaðinn, kr. 82.621.03, og fengið greiddar kr. 30.000.00 inn á reikninginn.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá virðist stefndi hafa talið sig eiga viðskiptin í sambandi við vinnuna í m/s Andra við Drang h/f, en ekki Sænsk-íslenska frystihúsið h/f, hver sem hefur beðið um viðgerðina.

Eins og áður er rakið, hefur af hálfu stefnda um rökstuðning fyrir sýknukröfu m. a. verið vísað til samnings, sem á að hafa

verið gerður á milli Drangs h/f, eigenda m/s Andra, og Sænsk-ís-lenska frystihússins h/f. Samningurinn hefur ekki verið lagður fram í málinu, og af þeim átta mönnum, sem hafa verið yfirheyrðir vegna máls þessa, hafa einungis tveir sagst vita um tilvist samnings þessa, þeir Ólafur Ólafsson, fyrrverandi starfsmaður frystihússins, og Jónas Ásmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Drangs h/f. Ekki er framburður þeirra Ólafs og Jónasar að öllu leyti samhljóða. Ólafur bar, að Suðurfjarðarhreppur hafi átt m/s Andra á þessum tíma og hafi verið gerður samningur á milli frystihússins og eigenda skipsins. Jónas bar, að gerður hafi verið samningur á milli Drangs h/f og frystihússins. Ólafur sagði, að eftir að m/s Andri hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, hafi komið með bíl frá Bíldudal, gálgar, rúllur og hlerar úr m/s Andra til frystihússins. Ekki mundi Jónas eftir, að sendir hafi verið frá Bíldudal ýmsir hlutir úr m/s Andra, eftir að báturinn hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, heldur taldi hann, að þessir hlutir hefðu verið teknir úr bátnum, þegar hann hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, og sagðist Jónas muna eftir að hafa séð gálga úr m/s Andra í porti frystihússins.

Af hálfu stefnda hefur með vísan til 2. mgr. 145. gr. laga nr. 85 frá 1936 verið skorað á lögmann stefnanda að leggja fram samning milli stefnanda og útgerðar m/s Andra, BA 100, sbr. dskj. nr. 7 og vitnaframburð Ólafs Ólafssonar þann 14. apríl 1971.

Lögmaður stefnanda hefur haldið því fram, að samningur þessi sé ekki í vörslu stefnanda.

Það er af hálfu stefnda sem vísað er til samnings þessa um rökstuðning fyrir kröfum, en samkvæmt 147. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber lögmanni stefnda að sanna, að samningurinn sé til og að hann sé í vörslu stefnanda. Það þykir lögmaður stefnda ekki hafa gert.

En hvernig sem samningum á milli frystihússins og eigenda m/s Andra hefur verið háttað, þá hefði stefndi átt að vera óbundinn af þeim samningum.

Þá er Magnús R. Magnússon, fyrrverandi forstjóri Sænsk-ís-lenska frystihússins, kom fyrir dóm til yfirheyrslu hinn 30. apríl 1971, lofaði hann að koma síðar fyrir dóm til samprófunar við Björn Gíslason, framkvæmdastjóra stefnda, og var málinu ítrekað frestað í því skyni að fá Magnús R. Magnússon aftur fyrir dóm, en án árangurs. Lögmaður stefnda hefur tvisvar látið birta vitna-stefnu, þar sem Magnúsi var stefnt til að bera vitni í málinu, en

Magnús mætti ekki, en honum ætti starfs síns vegna að hafa verið kunnugast um mál þetta.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þá þykir verða að taka kröfur stefnanda til greina, en með tilliti til málsatvika allra þá þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómars.

Dómari var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Þrymur h/f, greiði stefnanda, skilanefnd Sænsk-íslenska frystihússins, kr. 34.618.68 með 1% vöxtum á mánuði frá 31. desember 1967 til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður fellur niður.
